



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FUNDUR FORSETA OG WILLIAMS J. CLINTON

William J. Clinton fyrrverandi forseti Bandaríkjanna og Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands áttu í gær viðræðufund í New York, en forseti Íslands tekur nú þátt í alþjóðlegri ráðstefnu, *Clinton Global Initiative*, í boði Clintons. Fjölmargir þjóðarleiðtogar víða að úr veröldinni, forystumenn á alþjóðavettvangi, fræðimenn og áhrifamenn í vísindum og viðskiptum sitja einnig ráðstefnuna.

Forseti Íslands fagnaði sérstaklega því framtaki Clintons að bjóða til glæsilegrar og metnaðarfullrar ráðstefnu þar sem stefnt væri saman ólíkum einstaklingum hvaðanæva að úr heiminum til að hefja markvisst og samstillt starf til að leita lausna á mörgum af brýnustu vandamálum heims.

Viðræður forseta Íslands og Williams J. Clinton snerust einkum um þrjá efnisþætti:

Í fyrsta lagi baráttuna gegn eyðni í veröldinni og hvernig samstarf íslenskra og indverskra lyfjafyrirtækja gæti leitt til framleiðslu á eyðnilyfjum á ódýrari hátt en áður. Slíkt samstarf gæti lagt grunn að raunhæfum aðgerðum til hjálpar eyðnisjúklingum víða í veröldinni, einkum í Afríku. Clinton lýsti því hvernig hann hefur á undanförunum árum beitt sér á þessum vettvangi og komið á laggir verkefnum í samvinnu við ríkisstjórnir sex Afríkuríkja, en stefnt er að því að fjölga þátttökuríkjum, einkum í Afríku og Asíu. Þá er einnig stefnt að því að hefja innan tíðar slíka starfsemi einnig í Rússlandi og Úkraínu.

Í öðru lagi hvernig reynsla Íslendinga á sviði umhverfisvænnar orku, bæði nýting jarðhita og tilraunir með nýtingu vetnis í almenningssamgöngum, gæti skapað grundvöll að raunhæfri umræðu um nýjar leiðir til að hamla gegn loftslagsbreytingum. Ísland gæti verið tilraunastöð í orkubúskap nýrrar aldar, en umræðan um hættur vegna loftslagsbreytinga setur ríkan svip á ráðstefnu Clintons í New York.

Í þriðja lagi hvernig frumkvæði Magnúsar Scheving og Latabæjar hefur varpað nýju ljósi á baráttuna gegn offitu barna og ungmenna með hvatningu til að stunda íþróttir og neyta einkum heilsusamlegrar fæðu. Clinton hefur nýverið lýst vilja sínum til að berjast gegn offitu í Bandaríkjunum, en hún er orðin alvarlegt heilbrigðisvandamál í landinu. Clinton þótti framlag Latabæjar og átaksverkefni í einstökum byggðarlögum á Ísland sem beindist að því að hvetja börn og foreldra til heilbrigðara mataræðis vera afar forvitnilegt fordæmi.